

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Heimir Logi Gunnarsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og skilyrði 6. tl. sömu lagagreinar.

Ákærði greiði Kristínu Samsonardóttur kr. 20.000,00 með 34% ársvöxtum frá 21. ágúst 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 9. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1985.

Nr. 107/1984. **Svava Þórðardóttir**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

**Ólafi Baldurssyni**

(Othar Örn Petersen hrl.)

Nauðungaruppboð. Gjaldfelling skuldabréfa. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. júní 1983. Á dómþingi 8. maí 1984 var málið hafið með samkomulagi aðilja.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu á ný með stefnu 29. maí 1984. Hann krefst þess, „að dæmt verði, að fram skuli fara, á ábyrgð áfrýjanda, opinbert uppboð á jörðinni Knarrarnesi II, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, til lúkningar veðskuldum, samkvæmt 4 veðskuldabréfum, dagsettum 16. október 1981, upphaflega að fjárhæð kr. 163.000,00, nú að eftirstöðvum kr. 84.000,00 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 199.675,00 frá 15. desember 1982 til 20. janúar 1983 en af kr. 122.027,36 frá þeim degi til 20. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 15. desember 1983 og sömu vöxtum af kr. 199.264,77 frá þeim degi til 20. sama mánaðar en 3,25% til 23. sama mánaðar og af kr. 133.401,92 frá þeim degi til 20. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 15. desember 1984 en af kr. 173.822,70 frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 1. september 1985, en 3,75% frá þeim degi til greiðsludags, og innheimtulaunum að fjárhæð kr. 12.823,50 auk kostnaðar við uppboðið og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.“

Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af þeim kemur fram, að stefndi greiddi 23. desember 1983 inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands afborganir af umræddum bréfum að fjárhæð samtals 40.750,00 krónur, vexti á gjalddaga 15. desember 1983 samtals 24.450,00 og auk þess dráttarvexti samtals 662,85.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að áfrýjandi hefur fengið greitt það fé, sem lagt hafði verið á geymslureikninga 20. janúar og 23. desember 1983. Þá er og óumdeilt, að ekkert hefur verið greitt af afborgunum þeim og vöxtum, er féllu samkvæmt skuldabréfunum í gjalddaga 15. desember 1984.

Ósannað er, að stefnda hafi borist tilkynning frá Landsbanka Íslands um, að veðskuldabréfin væru þar til innheimtu, og var honum rétt að biða þess, að handhafi bréfanna segði til sín. Stefndi

kannast við, að hann hafi 5. janúar 1983 fengið kröfubréf Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, er 21 dagur var liðinn frá gjalddaga. Bar honum að greiða afborganir og vexti tafarlaust, er honum var kunnugt orðið um greiðslustað, en aftur á móti var krafa lögmannsins um greiðslu á öllum höfuðstól skuldabréfanna og um dráttarvexti haldlaus á þessum tíma. Stefndi bauð ekki fram greiðslu á afborgunum né vöxtum, en 20. janúar lagði hann greiðslu inn á geymslureikning, eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði. Á greiðslu afborgunar af 63.000,00 króna skuldabréfinu vantaði þó 2.500,00 krónur og á vexti af sama bréfi 1.808,30 krónur. Þá tilkynnti stefndi áfrýjanda ekki um geymslugreiðsluna fyrr en 28. janúar, er 44 dagar voru liðnir frá gjalddaga og 23 dagar frá því stefndi fékk kröfubréf Jóns Bjarnasonar.

Er hér var komið, var því orðið um svo veruleg vanskil af hendi stefnda að ræða, að áfrýjandi mátti samkvæmt ákvæðum í veðskuldabréfunum krefja hann um greiðslu á eftirstöðvum skuldanna. Ber þannig að fallast á, að umbeðið uppboð skuli fara fram.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að aðiljar deila um fjárhæð þeirrar kröfu sem áfrýjandi (uppboðsbeiðandi) eigi að fá af uppboðsandvirðinu, ef til kemur. Hefur stefndi sérstaklega mótmælt dráttarvaxtakröfu áfrýjanda. Eigi kemur til álita að leggja dóm á þessi ágreiningsefni í máli þessu, enda var málið eigi flutt um þau í héraði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Umbeðið uppboð skal fara fram samkvæmt því sem að ofan greinir.

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði áfrýjanda, Svövu Þórðardóttur, 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

##### **Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.**

Áfrýjandi gjaldfelldi öll skuldabréfin með bréfinu frá 4. janúar 1983 og krafðist greiðslu á þeim samkvæmt því. Var stefnda því

rétt að geymslugreiða afborganir og vexti, sem í gjalddaga féllu 15. desember 1982. Töf, sem varð á að tilkynna áfrýjanda um geymslu-greiðsluna, verður ekki metin stefnda til greiðsludráttar, þó að hún hinsvegar kunni að vera bótaskyld, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða úrskurð með vísan til forsendna hans og framangreindra athugasemda.

Þá tel ég, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 21. maí 1983.

Gerðarbeiðandi, Svava Þórðardóttir, Hverfisgötu 34, Reykjavík, hefur gert þær réttarkröfur, að jörðin Knarrarnes II, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 163.000,00 með 20% ársvöxtum frá 1. nóvember 1981 til 15. desember 1982, en dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk innheimtulauna, kostnaðar við uppboðið og málskostnaðar vegna þessa hluta málsins.

Gerðarþoli, Ólafur Baldursson, Rjúpufelli 27, Reykjavík, hefur krafist synjunar á hinni umbeðnu uppboðsgerð og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór þann 2. maí sl.

Þann 16. október 1981 gaf Ólafur Baldursson út 4 veðskuldabréf til handhafa, samtals að fjárhæð kr. 163.000,00, sem hann skuldbatt sig til að greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum hinn 15. desember ár hvert, í fyrst sinn 15. desember 1982. Bréfin báru 20% ársvexti frá 1. nóvember 1981 að telja, og skyldu þeir greiðast eftir á í sömu gjalddögum og afborganirnar. Bréfin voru tryggð samhliða með 6. veðrétti og uppfærslurétti í jarðeigninni Knarrarnesi II, Vatnsleysustrandarhreppi, næst á eftir ótilteknum verðtryggðum skuldum að fjárhæð kr. 210.000,00, sem á hverjum tíma mátti hvíla á undan.

Veðskuldabréfin innihalda ákvæði þess efnis, að standi útgefandi ekki í skilum með greiðslu afborgana og vaxta, sé skuldin öll í gjalddaga fallin án fyrirvara. Þegar skuldin er gjaldfallin, geti veðhafi ávallt látið gera fjárnám í hinni veðsettu eign samkvæmt 50. gr. laga nr. 14. desember (sic) 1885, án undangengins dóms eða sáttar eða selt hina veðsettu eign á opinberu uppboði án dómsáttar eða aðfarar samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949.

Bréf, merkt nr. 1, 3 og 4, eru undirrituð í viðurvist lögmanns, en bréf nr. 2 er óvottað.

Bréfunum var þinglýst athugasemdalaust þann 9. desember 1981.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að Landsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, hafi verið falið að innheimta afborgun þá og áfallna vexti, er til greiðslu áttu að koma 15. desember 1982. Skuldari hafi ekki sinnt greiðsluáskorun bankans og því hafi þau verið tekin úr vörslum bankans og gjaldfelld. Vegna þessa var útgefanda bréfanna, varnaraðilja máls þessa, send áskorun um greiðslu með bréfi, dags. 4. janúar 1983, þar sem honum var veittur frestur til 12. janúar 1983 á greiðslu allrar skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum og kostnaði. Gerðarbeiðandi segir, að bréfi þessu hafi í engu verið sinnt og því hafi verið krafist nauðungaruppbóðs á hinni veðsettu eign með bréfi, dags. þann 18. janúar 1983.

Gerðarþoli hefur andmælt framgangi uppbóðs þessa. Hann synjar með öllu fyrir það að hafa fengið tilkynningu Landsbanka Íslands um verustað bréfanna á gjalddaga þeirra. Jafnframt heldur uppbóðsþoli því fram, að honum hafi fyrst verið kunnugt um verustað þeirra, er honum þann 5. janúar 1983 barst ábyrgðar- og hraðbréf gerðarbeiðanda, dags. 4. janúar 1983. Umrædd veðskuldabréf séu handhafabréf og geymi engin ákvæði um greiðslustað. Almennar reglur um slík viðskiptabréf séu á þann veg, að greiðslustaður sé hjá greiðanda. Hann hafi því að ósekju mátt biða þess, að handhafi segði til sín og hafa þá umsamdar afborganir og vexti til reiðu án verulegs dráttar. Á honum hafi ekki hvílt nein skylda til að deponera greiðslunni né gera sérstakar ráðstafanir til að hafa upp á handhafa bréfanna. Greiðsluskylda gerðarþola hafi því ekki hafist fyrr en 5. janúar 1983. Hann hafi þá án verulegs dráttar, eða þann 20. janúar 1983, deponerað greiðslum í Landsbanka Íslands og póstlagt deponeringarskjölin (dómskjöl nr. 12-15) til gerðarbeiðanda þann 28. janúar 1983. Hafi hann þannig sýnt bæði vilja og getu til að standa í skilum. Gjaldfelling veðskuldabréfanna sé því gersamlega ástæðulaus og geti engan veginn leitt til framgangs þess nauðungaruppbóðs, sem krafist er.

Þá bendir uppbóðsþoli á 15. gr. laga nr. 29/1885, þar sem sett er það skilyrði til þess að fjárnám megi gera án dóms eða sáttar, að 15 dagar séu liðnir frá gjalddaga. Slík stefnumörkun styrki sterklega þá staðhæfingu, að uppbóðið geti ekki náð fram að ganga í þessu tilfelli.

Gerðarþoli telur ósannað, að hann hafi fengið vitneskju um verustað bréfanna fyrir 5. janúar 1983, og beri hann því enga ábyrgð á greiðsludrætti á afborgun og vöxtum frá 15. desember 1982 til 5. janúar 1983.

Gerðarbeiðandi getur þess, að umrædd veðskuldabréf séu þannig tilkomin, að gerðarþoli hafi keypt hina veðsettu eign af gerðarbeiðanda og séu bréfin hluti kaupverðs. Hafi hann komið bréfunum ásamt mörgum víxlum, sem einnig voru hluti af kaupverði eignarinnar, til innheimtu í

Landsbanka Íslands. Hafi bankinn jafnan sent uppboðspóla bréflega tilkynningu í hvert sinn, er nálgadist gjalddaga víxlanna, og sýni greiðslur uppboðspóla í bankanum, að þær tilkynningar hafi borist honum skilvíslega. Starfsfólk bankans hafi tjáð gerðarbeiðanda, að gerðarpóla hafi með sama hætti verið send tilkynning vegna gjalddaga veðskuldabréfanna. Gerðarþoli viðurkenni að hafa móttengið bréf gerðarbeiðanda þann 5. janúar 1983, en þá hafi verið liðnar 3 vikur frá gjalddaga, og bar honum því þá þegar að inna af hendi afborganir og vexti. Þetta hafi hann ekki gert og látið dragast til 20. janúar sl. þá hafi hann loks deponerað greiðslu, þótt hann hafi vitað, hvar greiða ætti af bréfunum og skilyrði til deponeringar því ekki fyrir hendi, sbr. 1. gr. laga um geymslufé frá 22. apríl 1978. Tilkynning gerðarpóla um deponeringu þessa hafi ekki borist fyrr en löngu síðar, eða 28. janúar sl., og hafi þá verið liðinn hálfur annar mánuður frá gjalddaga bréfanna.

Gerðarbeiðandi segir, að vera megi, að gjaldfelling hefði ekki átt rétt á sér, ef gerðarþoli hefði strax hinn 5. janúar 1983 greitt afborganir og vexti.

Ljóst sé þó, að hinn langi dráttur frá 5. til 28. janúar, er hann tilkynnti deponeringu, sé slík vanefnd, að réttlæti fullkomlega gjaldfellingu bréfanna.

Í þessu sambandi bendir uppboðsbeiðandi á 2. gr. laga um geymslufé, er fjallar um tilkynningarskyldu og viðurlög, ef útaf er brugðið.

Gerðarbeiðandi telur, að hinar deponeruðu fjárhæðir séu of lágar og nái ekki því marki, er greiða skyldi hinn 20. janúar 1983, og hefur lagt fram útreikning á skuldum og greiðslum (sbr. fylgiskjal með réttarskjali nr. 9).

Við munnlegan málflutning málsins bauð gerðarþoli fram þá fjárhæð, sem á vantar samkv. útreikningi gerðarbeiðanda á framangreindu fylgiskjali.

Veðskuldabréf þau, er gerðarþoli, Ólafur Baldursson, gaf út 16. október 1981, eru handhafabréf, og í bréfunum er ekki tekinn sérstaklega fram greiðslustaður afborgana og vaxta af þeim. Um slík veðbréf gildir sú regla, að greiðslustaður er hjá greiðanda bréfanna, ef handhafi þeirra segir ekki til sín á lögmætan hátt.

Í máli þessu er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi fengið tilkynningu um greiðslustað framangreindra veðskuldabréfa. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram móttökukvittanir Landsbanka Íslands, veðbréfadeild, vegna þriggja af framangreindum veðskuldabréfum. Rétturinn telur þrátt fyrir framangreindar móttökukvittanir, að gerðarbeiðandi hafi ekki fært sönnur á, að gerðarpóla hafi verið tilkynnt um greiðslustað veðbréfanna, þar sem í málinu hafa ekki verið lögð fram afrit slíkra tilkynn-

inga eða ábyrgðarbréf. Lita verður því svo á, að það hafi ekki varðað gerðarpóla vanskilavítum að leita ekki uppi handhafa framangreindra veðbréfa.

Upplýst er, að gerðarþoli fékk vitneskju um verustað framangreindra veðskuldabréfa 5. janúar sl. Þann 20. janúar deponeraði gerðarþoli kr. 78.647,64 í veðbréfadeild Landsbanka Íslands, sem nægja skyldi til greiðslu afborgana, vaxta og dráttarvaxta af framangreindum skuldabréfum. Komið hefur í ljós við nánari útreikning, að einhverja fjárhæð skortir til þess, að um fullnaðargreiðslu á framangreindum afborgunum, vöxtum og dráttarvöxtum væri að ræða. Sá mismunur telst þó ekki það verulegur, að réttlæti eindögun allrar veðskuldarinnar auk þess sem gerðarþoli hefur boðið fram greiðslu á þeim mismun. Með tilliti til þess, sem hér á undan segir um deponeringu gerðarpóla 15 dögum eftir að hann fékk vitneskju um handhöfn framangreindra veðskuldabréfa, þykir dráttur á deponeringu hans ekki það verulegur, að réttlæti eindögun allrar veðskuldarinnar. Ekki telst framangreind deponering haldin þeim göllum, er veiti heimild til eindögunar.

Samkvæmt framanrituðu er því synjað um framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar. Ber því að leggja málskostnað á gerðarbeiðanda, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.500,00.

Jón Eysteinnsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðið uppboð nær ekki fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, Svava Þórðardóttir, greiði gerðarpóla, Ólafi Baldurssyni, kr. 2.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.